

**Mál nr. 209/2021****M og  
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort líkamsmeiðsl megi rekja til tiltekins bifreiðaáreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttækið 17.5.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 18.6.2021.  
Bréf V, dags. 9.6.2021.

**Málsatvik.**

Samkvæmt málskoti mun bifreiðinni A hafa verið ekið aftan á bifreið M hinn 27. júlí 2017 þar sem hún hafi verið kyrrstæð á gatnamótum Sæbrautar og Langhóltsvegur í Reykjavík. Hafi A verið ekið aftan á bifreið hans á nokkuð miklum hraða og miklar skemmdir orðið á bifreiðinni. Hafi höggið því verið töluvert. Við áreksturinn hafi M fengið áverka á bak og háls og fingur hægri handar. Bakverkir, einkum í mjóbaki, hafi ágerst með tímanum og rúmum þremur vikum eftir slysið hafi hann leitað á heilsugæslustöð auk þess sem hann hafi leitað sér meðferðar hjá sjúkraþjálfara.

Samkvæmt fyrirbyggjandi samskiptaseðli heilsugæslulæknis, dags. 24. ágúst 2017, leitaði M þann dag á viðkomandi heilsugæslustöð þar sem honum hafi verið illt í baki sjö til tíu daga fyrir komuna á heilsugæslustöðina. Fyrst eftir áreksturinn hafi hann ekki verið slæmur í baki en fundið að fingur 2 á hægri hendi hafi bólgnað upp. Það hafi jafnað sig en enn þá sé verkur í MCP lið er hann réttir úr fingrinum. Að sögn M hafi hann ekki verið áður slæmur í baki en eigi nú erfitt með að sitja lengi og í vinnu sinni í álveri. Í álitskafla samskiptaseðilsins kemur fram að lækninum finnist einkennin koma nokkuð seint fram miðað við tognun í tengslum við árekstur og spurning hvort þau séu að hluta álagseinkenni. Þó sé ekki hægt að útiloka að slysið sé „triggerinn“. Var M ráðlagt að taka paratabs og ibufen og ekki lyfta þungu eða reyna á bakið á meðan hann sé að jafna sig að mestu.

M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir í framangreindum árekstri úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Álit.**

Gögn málsins um líkamstjón það sem M kveðst hafa orðið fyrir við áreksturinn 24. júlí 2017 eru afar takmörkuð eða einungis framangreindur samskiptaseðill vegna komu á heilsugæslustöð 24. ágúst sama ár. Engin álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggur fyrir um þær heilsufarslegu afleiðingar sem M býr við og rekja má til árekstursins. Eins og málið liggur fyrir eru engin sönnunargögn fyrir hendi sem sýna fram á að M eigi rétt á bótum samkvæmt I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993, svo sem bóta fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningar, varanlegan miska eða varanlega örorku. Með vísan til þessa telst M ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.